

66. kirkjuþing 2024 - 2025

26. mál – þskj. 26

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um fræðslu fyrir fullorðna.

Flm. Bryndís Malla Elíadóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir, Elínborg Sturludóttir,  
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Stefán Már Gunnlaugsson.

Kirkjuþing 2024 - 2025 hvetur biskup Íslands til þess að efla fræðsludeild kirkjunnar með sérstaka áherslu á fræðslunámskeið fyrir fullorðna. Kirkjuþing telur brýnt að nýta sóknarfæri kirkjunnar til þess að bæta á markvissan hátt fullorðinsfræðslu kirkjunnar. Leitað verði leiða til að mæta þörf samtímans á samveru og samtali um grunnildi kristinnar trúar.

#### Greinargerð.

Á nýafstöðnum Kirkjudögum var boðið upp á fjölda málstofa þar sem fjallað var um margvísleg málefni. Góð þátttaka var á málstofunum sem sýnir að þörfin er til staðar fyrir fræðslu og samveru í kirkjunni. Í mörg ár bauð Leikmannaskóli kirkjunnar upp á fjölbreytta fræðslu fyrir fullorðna þar sem bæði sjálfboðaliðar í kirkjunni og önnur áhugasöm áttu möguleika á að sækja bæði styttri og lengri námskeið. Flutningsfólk telur að rétt sé að efla á ný fullorðinsfræðslu kirkjunnar þar sem áhersla er lögð á grundvallarstef kristinnar trúar. Í fræðslustefnu þjóðkirkjunnar er lögð áhersla á geðrækt og mikilvægt að þar sé horft til þess sem kirkjan hefur góða reynslu af, eins og námskeið þar sem saman fer fræðsla, samvera og samtal. Tillagan er hvatning til biskups um að setja fullorðinsfræðsluna á dagskrá fræðsludeildar og hefja undirbúning á markvissri uppbyggingu fræðsludeildar sem sannarlega nái frá vöggju til grafar eins og segir í fræðslustefnu þjóðkirkjunnar.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við samþykkt tillögunnar rúmist innan fjárhagsáætlunar Þjóðkirkjunnar.